

EFTIRLITSSKÝRSLA



Háskóli Íslands (Sigríður Rut) Læknagarður og Askja (ávaxtaflugur)

Dags eftirlits	19.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Sigríður Rut)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Vatnsmýrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Sigríður Rut Franzdóttir	ÍSAT nr.	85.14.3
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Háskóla Íslands fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar lífverur í Öskju og Læknagarði. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Háskóla Íslands fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar lífverur í afmörkunarflokki 1 í Öskju og Læknagarði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3)
4. Skoðunarferð

Um er að ræða leyfi fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar ávaxtaflugur í rannsóknar- og verkennslustofum í Öskju og rannsóknarstofu í Læknagarði. Engin starfsemi var í Læknagarði við eftirlit.

Eftirlitið hófst á fundi þar sem farið var yfir umfang starfseminnar og verkferla henni tengdri. Rekstraraðili lagði fram möppu með öllum helstu gögnum er varðar leyfið og viðeigandi verkferla. Mappan liggur frammi í starfsaðstöðunni og er öllum þeim sem vinna með erfðabreyttar ávaxtaflugur kynnt innihald hennar. Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um starfsaðstöðuna.

Allt skipulag og verkferlar varðandi starfseminna eru í föstum skorðum, sem og að varnir gegn mengun ytra umhverfis og innra eftirlit eru í samræmi við leyfið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.04.2021

Sigríður Magnúsdóttir